



Kópavogsbær

Umferðaröryggisáætlun Kópavogsbæjar



Umhverfissvið Kópavogs
Maí 2012

1. Inngangur

Margt hefur áunnist í umferðaröryggismálum hjá Kópavogsbæ á undanförunum árum og hefur bærin unnið markvisst að því að draga úr umferðarhraða. Unnar hafa verið skýrslur um umferðaröryggi síðan 1992 sem framkvæmt hefur verið eftir í þágu umferðaröryggis.

Í lok árs 2001 kom út umferðarskipulag fyrir allan Kópavog ásamt framkvæmdaráætlun sem unnið hefur verið eftir. Af framkvæmdum sem bæta umferðaröryggi má nefna umferðarljós og hringtorg, hraðatakmarkandi aðgerðir í 30 km hverfum og fleira.

Gerðar voru breytingar á heildarskipulagi umferðarhraða innan sveitarfélagsins sem eru stór liður í þeirri viðleitni bæjaryfirvalda að koma í veg fyrir umferðarslys í Kópavogi. Hraðatakmarkanir eru almennt þannig að í íbúðargötum er hámarkshraði 30 kílómetrar og hraði á stofnbrautum og aðalgötum er 50 kílómetrar á klukkustund.



Mynd 1: Gunnsteinn Sigurðsson þáverandi bæjarstjóri í Kópavogi og Gunnar Geir Gunnarsson framkvæmdastjóri umferðaröryggisviðs Umferðarstofu.

21. janúar 2010 var undirritaður samningur á milli Umferðarstofu og Kópavogsbæjar um gerð umferðaröryggisáætlunar.

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar 7. nóvember 2011 var samþykkt að stofnaður yrði samráðshópur vegna vinnu við umferðaröryggisáætlun.

Ýmis verkefni tengjast umferðaröryggi og má þar nefna umferðarskipulag, umferðaröryggi í kring um grunnskóla, hjólréiðaáætlun og stefnumótun um hraðatakmarkandi aðgerðir. Ákveðið var að vinna að öllum þessum verkefnum samhliða umferðaröryggisáætluninni og samþætta henni.

Ábendingar frá íbúum, samráðshópi og öðrum, sem telja má ógn við umferðaröryggi eru tekin saman í þessu skjali og forgangsraðað eftir mikilvægi. Það gerir það að verkum að auðveldara er að áætla kostnað til næstu verkefna og komið er í veg fyrir óskilvirkar aðgerðir.

Umferðaröryggisáætlun er verkfæri pólitískra fulltrúa og starfsmanna Kópavogs við að forgangsraða og skipuleggja vinnu við bætt umferðaröryggi til framtíðar.

Markmið umferðaröryggisáætlunar er að fækka slysum og óhöppum í umferðinni.

Leiðir:

- Forgangsraða verkefnum og vinna markvisst að þeim á næstu sex árum.
- Unnið verði að fræðslu og áróðri.
 - o fá íbúa til að lækka almennt umferðarhraða.
 - o taka meira tillit í umferðinni.
 - o minnka skutl.
 - o Fá foreldra til að láta börn sín ganga og hjóla í grunnskóla.

1.1 Samráðshópur

Fyrsti fundur samráðshópsins var 15. desember 2011 og í hópnum voru: Steingrímur Hauksson, sviðsstjóri umhverfissviðs, Jón Ingi Guðmundsson, tæknifræðingur á umhverfissviði, Hólmfríður Þorsteinsdóttir, umhverfisfulltrúi Kópavogsbæjar, Smári Smáráson, arkitekt á skipulags- og byggingardeild Kópavogs, Ragnheiður Hermannsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar, Hannes Sveinbjörnsson, eftirlits- og kennsluráðgjafi, Tryggvi Þórðarson, áheyrnarfulltrúi Næst besta flokksins í umhverfis- og samgöngunefnd, Magnús Ó. Einarsson frá Vegagerðinni, Þorvaldur J. Sigmarsson og Gylfi Sigurðsson frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Sigurður Helgason frá Umferðarstofu og Einar Kristjánsson frá Strætó bs.

1.2 Vinnuferli

Í nóvember var sett saman verkáætlun sem samanstóð af öllum þeim verkefnum sem unnin voru samhliða og tengjast umferðaröryggisáætlun: umferðarskipulag, umferðaröryggi í kring um grunnskóla, hjólréiðaáætlun og stefnumótun um hraðatakmarkandi aðgerðir. Í kjölfarið var haldinn fundur með samráðshópnum og vinnan á sama tíma kynnt umhverfis- og samgöngunefnd. Í janúar var fundað með skólaráðum grunnskólanna og í febrúar var óskað eftir ábendingum frá íbúum Kópavogs um umferðaröryggismál. Ákveðið var að halda ekki venjubundinn íbúafund sem íbúar mæta til, ástæða þess var að heldur dræm þátttaka hefur verið á slíka fundi hjá sveitarfélaginu. Í stað þess var ákveðið að auglýsa vinnu við umferðaröryggisáætlun í tveimur Kópavogsblöðum, vefsíðu Kópavogs, Facebook sem og að öllum foreldrum leikskóla og grunnskólabarna var sendur tölvupóstur. Þá voru ýmis gögn einnig send samráðshópi ef hópurinn hefði eitthvað við þau að bæta.



Í mars var fundað með fulltrúum stórra verslunarmiðstöðva með stór bílastæði og unnið samtímis að söfnun gagna og skýrsluskrifum. Í apríl kom síðan samráðshópurinn aftur saman þar sem farið var yfir ábendingar sem borist höfðu og þeim forgangsraðað eftir mikilvægi. Auk þessa var hjólréiðaáætlunin send til yfirlestrar til Landssamtaka hjólréiðamanna og íþróttadeildar Kópavogs.

Stefnt er að því að öllum verkefnum verði lokið fyrir árslok 2018 og að umferðaröryggisáætlunin verði endurskoðuð þá. Kópavogsbær áskilur sér þó rétt til að breyta áætluninni komi upp verkefni sem eru meira aðkallandi en þau sem eru á forgangslista.

1.3 Umferðargögn

Ýmis gögn voru notuð við gerð þessarar áætlunar en í upphafi voru skoðaðar skýrslur um umferðaröryggi sem unnar hafa verið fyrir Kópavogsbæ. Þau gögn voru síðan rýnd með upplýsingum um slysatíðni frá Umferðarstofu. Þau atriði sem þóttu enn ógna öryggi vegfarenda voru síðan tekin saman og skoðað hvað geti valdið þessum slysum og hvernig hægt er að vinna að bættu umferðaröryggi. Skýrslur um umferðarhraða sem Lögregla höfuðborgarsvæðisins tekur saman voru einnig skoðaðar og ákveðið að skoða frekar þær götur þar sem brotahlutfall í hraðamælingunum var yfir 50%. Einnig var stuðst við þekkingu og gögn frá umhverfissviði varðandi leiðir barna til og frá skóla og athugasemdir sem bárust frá grunnskólunum í tengslum við ferðavenjukönnun sem unnar voru haustið 2010 og 2011 og athugasemdir og óskir frá Strætó bs.

2. Verkefni til bætts umferðaröryggis

Ábendingar unnar upp úr slysakorti Umferðarstofu:

| |
|--|
| 1. Aðrein frá Fífuhvammsvegi inn á Hafnarfjarðarveg, þar er oftast ekið út af eða á ljósastaura (Vegagerðin). |
| 2. Hafnarfjarðarvegur, alvarlegir árekstrar eða útafkeyrslur norðan við og á brúnni yfir Kársnesbraut (Vegagerðin). |
| 3. Bílaplön stórra verslunarmiðstöðva, óhöpp og eignatjón (Smáratorg, Smáralindar, Byko, Lindir og Hamraborg). |
| 4. Gatnamót Dalvegur og Nýbýlavegar, þar er oft ekið gegn rauðu ljósi (Vegagerðin). |
| 5. Gatnamót Nýbýlavegar, Skemmuvegur og Valahjalla, mörg óhöpp. |
| 6. Gatnamót Nýbýlavegar, Þverbrekku og Ástúns, á þessum gatnamótum var fimm sinnum beygt í veg fyrir bíl (Vegagerðin). |
| 7. Fífuhvammsvegur (milli Reykjanesbrautar og Hlíðardalsvegur), mikill fjöldi aftanákeyrsla. |

Ábendingar frá umhverfissviði og samráðshópi:

| |
|--|
| 8. Dalvegur, þörf á að skoða umferðarskipulag í heild sinni. Skoða hringtorg, tengingu við Reykjanesbraut, gegnum akstur við Dalveg 6- 8 og umferð inn og út frá bílastæði við Smáratorg. |
| 9. Gatnamót Fífuhvammsvegur, Dalvegur og innkeyrslu í Smáralind. Nokkuð um óhöpp án meiðsla og tvö slys með litlum meiðslum, árekstur við gatnamót eða árekstur við vinstri beygju frá Smáralind inn á Fífuhvammsveginn. ATH að það er óljóst fyrir ökumenn sem ætla að taka vinstri beygju frá Smáralind inn á Fífuhvammsveginn að akreinarnar sem fara beint yfir gatnamótin eru tvær en ekki ein. |
| 10. Breyta Auðbrekku í einstefnuakstursgötu eða breyta hringtorgi/gatnamótum Nýbýlavegar og Skeljabrekku þannig að bílar geti farið upp Skeljabrekkuna frá hringtorgi. |
| 11. Borgarholtsbraut, á undanförunum árum hefur verið reynt að draga úr umferðarhraða í götunni, þar eru fjórar hraðahindranir og hámarkshraði kominn í 30 km. Frá árinu 2009 hefur meðalhraði aðeins lækkað úr 47 km/klst. í 45 km/klst. en hlutfall brota úr 68% í 42%. Í mælingum árið 2011 voru 66 ökutæki vöktuð. Enn er óskað frekari aðgerða. Árið 2012 voru vöktuð 70 ökutæki og brotlegir voru 49% þeirra, meðalhraði þeirra var 46 km. |
| 12. Arnarsmári, í hraðamælingu lögreglunnar árið 2011 kom í ljós að 88% ökumanna (vöktuð ökutæki voru átta) fóru yfir hámarkshraða sem er 30 km. Árið 2012 voru vöktuð 11 ökutæki og brotlegir voru 27% þeirra, meðalhraði þeirra var 46 km. |
| 13. Dalsmári, í hraðamælingu lögreglunnar árið 2011 kom í ljós að 63% ökumanna (vöktuð ökutæki voru 63) fóru yfir hámarkshraða sem er 30 km. Árið 2010 voru það 61% ökumanna. Árið 2012 voru vöktuð 75 ökutæki og brotlegir voru 46% þeirra, meðalhraði þeirra var 46 km. |
| 14. Digranesvegur, í hraðamælingu lögreglunnar árið 2010 kom í ljós að 52% ökumanna (vöktuð ökutæki voru 153) fóru yfir hámarkshraða sem er 30 km. Árið 2012 voru vöktuð 167 ökutæki og brotlegir voru 53% þeirra, meðalhraði þeirra var 44 km. |
| 15. Grænátún, í hraðamælingu lögreglunnar kom í ljós að 59% ökumanna (vöktuð ökutæki voru 66) fóru yfir hámarkshraða sem er 30 km. Árið 2010 voru það 47% ökumanna. Árið 2012 voru vöktuð 62 ökutæki og brotlegir voru 53% þeirra, meðalhraði þeirra var 45 km. |
| 16. Kóravegur, í hraðamælingu lögreglunnar kom í ljós að 73% ökumanna (vöktuð ökutæki voru 33) fóru yfir hámarkshraða sem er 30 km. Árið 2010 voru það 72% ökumanna. Árið 2012 voru vöktuð 46 ökutæki og brotlegir voru 50% þeirra, meðalhraði þeirra var 48 km. |

Ábendingar frá íbúum og öðrum:

| |
|--|
| 17. Skoða umferðarhraða í Þverbrekku, ökutækjum ekið of hratt, hraðamerkingar mættu vera meira áberandi sér í lagi við gatnamót Nýbýlavegar, spurning um hraðahindrun fyrir ofan verslun og athuga hvort lögregla geti fylgst með hraða. |
| 18. Frá íbúum Þverbrekku 6: Mikill hraðakstur í götunni og umferðarþungi. Óska eftir að settar verði þrengingar í götuna, fleiri skilti sem sýni hraða í götunni og athugað hvort hægt sé að taka upp einstefnuakstur í götunni. |
| 19. Smiðjuvegur við Fossvogsbrún, óskað hefur verið eftir frekari aðgerðum til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi t.d. með ljósum yfir götuna. |

| |
|---|
| 20. Salavegur, Rjúpnasali, Roðasali, búið að óska eftir þrengingu. |
| 21. Bæta lýsingu í undirgöngum undir Reykjanesbrautina við Mjódd (Vegagerðin). |
| 22. Dalabing 2. Umferðarhraði er mikill inn í hverfið við hringtorg við Dalabing/Gulabing/Engjabing. Það er þrenging í beygjuni þegar komið er inn á í hverfið. Hún skilar ekki tilætludum árangri og er beinlínis hættuleg því hún er rétt við beygjuna. Þegar engin umferð er á móti dregur hún því ekki úr umferðarhraða eins og henni er ætlað að gera. Sérstaklega er áberandi hvað umferð upp Gulabing er á miklum hraða en einnig er umferð niður Dalabing og inn Engjabing það einnig oft á tíðum. Umferðarhraði út úr hverfinu er einnig áhyggjuefni því hann er oft á tíðum mikill, úr öllum götum sem að hringtorginu liggja. Sem dæmi nefni ég að hluti umferðar frá Gulabingi fer ítrekað vitlausu megin um hringtorgið, á mikilli ferð. Ég vil því leggja fram beiðni um að sett verði upp hraðahindrun við hringtorgið, bæði fyrir umferð inn í hverfið en einnig fyrir umferð út úr því. |
| 23. Vantar betri merkingar á göngustíginn frá Garðabæ og upp að Náttúrufræðistofu. Hjólreiðamenn fara of hratt yfir. |
| 24. Hjallabrekka of mjó og bílum lagt sitt hvoru megin götu svo hún er í raun einstefnugata. Afar erfitt í snjó þegar hjólför eru djúp. Einnig óskað eftir vegriði eða girðingu á gangstíg við Túnbrekku (niður á Hjallabrekku), í dag fara menn þar niður á ökutækjum. |
| 25. Frá Kópavogsskóla. Biðstöð Strætó bs. til móts við Kópavogsskóla er á milli bíla og lítil börn sjást illa. Ósk um að biðstöðin verði lagfærð. |
| 26. Milli húsa við Álfhólsveg 81- 113 er engin gangstétt: Þegar snjórinn var sem mestur í vetur eiga börn erfitt með að komast leiðar sinnar. Við endann á götunni komast þau ekki að gangbrautinni sem er með umferðarljósunum sem er að sjálfsgöðu betra að fara yfir, vegna snjóruðnings. Þá fara börnin yfir gangbrautina (ljóslausu), en erfitt er fyrir bílstjórana að sjá svo smá börn og hvað þá með svona mikla ruðninga við. Enginn gangbrautarvörður er heldur við þessa götu. |
| 27. Frá leikskólanum Kópasteini: Það er ósk skólans og foreldra að það verði hugað að öryggi barna og fullorðinna við skólann. Margir koma gangandi í skólann og eiga oft í erfiðleikum á Hábrautinni. Það er ósk okkar að það verði sett upp gangbraut, blikkandi ljós eða annað sem auðveldar foreldrum og börnum að komast yfir götuna. Þá er því miður keyrt hratt upp götuna og niður þrátt fyrir þrengingar á tveimur stöðum í götunni. |
| 28. Frá leikskólanum Núp: Leikskólinn Núpur og Lindaskóli eru með sameiginlegt bílastæði sem liggur milli skólanna. Þetta bílastæði hefur verið stækkað en er þó það lítið að það dugar ekki til. Starfsmenn leikskólans sem mæta til vinnu kl. 9 á morgnanna fá oftast ekki stæði og þurfa að leggja bílum sínum við blokkina Núpalind 8 eða við Núpalind 1 þar sem er sjoppa, tannlæknar o.fl. Annað vandamál þessu tengt er að foreldrar leggja bílum sínum yfirleitt ekki í bílastæðin þó þau séu laus heldur fyrir framan hlið skólans. Sumir keyra jafnvel öfugu megin inn á bílastæðið og leggja á móti umferð. Við þetta myndast oft öngþveiti á morgnanna sérstaklega þegar sundrútan úr Lindaskóla þarf að komast áfram. En þetta vandamál er einnig til staðar seinnipart dagsins þegar foreldrar koma til að sækja börn sín. Það eru 108 börn á leið í leikskólann á bilinu 7.30 til 9.30 á morgnana og á leið heim aftur á bilinu 16-17. Börnin sem eru á leið í Lindaskóla á morgnana ganga sum hver yfir bílastæðið til að stytta sér leið sem er auðvitað slysigildra þegar þröngt er. Ég hef reynt að senda foreldrum bréf með ósk um að þau leggi bílum sínum í bílastæðin en ekki við hliðið en það er erfitt að fara fram á það þegar stæðin eru í raun of fá. Athuga hvort hægt sé að koma við aðgengi að leikskólanum úr Melalind. Við höfum ítrekað rætt vandamálið við skólastjórnendur Lindaskóla og beðið um að kennara Lindaskóla noti frekar bílastæðið við Galtalind en það hefur ekki dugað til. Þó skólastjórnendur í Lindaskóla hafi ávallt tekið vel í erindi okkar. |
| 29. Hlégerði: Ég bý í Hlégerði og vil benda á að þar er kröpp blindbeygja sem stafar hætta af og því þörf á einhverri útfærslu af hraðahindrun sitt hvoru megin við hornið. Annað sem mig langaði að vekja máls á er atvik sem átti sé stað fyrir nokkrum árum við Lundarbrekku 4. Þar rann bifreið úr Selbrekku og niður á leiksvæði barna við Lundarbrekku. Það var mikið mildi að ekkert barn var þar að leik en þetta hefði vissulega getað haft hroðalegar afleiðingar. Það er brýn þörf á að setja upp vegrið við Selbrekku til að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig. |
| 30. Ég er foreldri í Þingahverfinu sem sendi 11 ára gamalt barn í Vatnsendaskóla. Ég las í samantektinni í "Ábendingar skólaráða grunnskóla Kópavogs um bætt umferðaröryggi í kring um skólana", að foreldrar væru almennt ánægðir með göngustígana í hverfinu. Það getur vel verið að göngustígarnir í hverfinu séu ágætir en ekki er nein bein, greiðfarin og upplýst leið í skólann. Foreldrar sem búa langt frá skólanum almennt mjög óánægðir með að engin skólarúta sé í boði. Það skapast mikið öngþveiti við skólann rétt áður en bjallan hringir og mikil slysaþætta. Óskað er eftir því að Strætó á leið 28 geti stoppað einu hringtorgi nær hverfinu (sama stað og skólarútan gerði) og taki börnin úr Þingahverfinu með niður að Vatnsendaskóla. Það er vonlaust að senda börnin gangandi í skólann frá okt.- mars í þessu myrkri, þau eru a.m.k. 30 mín á leiðinni, sem er nb. ekki einu sinni upplýst alla leið. Skólastjóri |

| |
|--|
| Vatnsendaskóla tekur undir ábendinguna og óskar jafnframt eftir að framkvæmdum við sleppisvæði á Vatnsendaveg verði flýtt. |
| 31. Banna framúrakstur bíla þar sem strætó stöðvar og hleypir út. |
| 32. Frá Strætó, vandamál með bíla við hringtorgið við Salalaug sem lagt er ólöglega við gangstéttir á meðan beðið er eftir börnum úr skóla og tómstundum. Strætó ekur hringtorgið en á oft í erfiðleikum vegna þess að foreldrar sem eru að bíða eftir börnum úr skólanum eða Versölum eru fyrir og leggja upp á gangstétt. |
| 33. Hreinsun á hjólastígum. Við vitum að aðalleiðir njóta forgangs í snjóhreinsun og söltun gatna, það verður að koma á sambærilegu skipulagi á göngu/hjólréiðastígum, þetta eru samgönguleiðir sem fólk er að nýta sér og á sama rétt og aðrir til að þeim sé haldið opnum. Bíleigendum er ekki boðið upp á þetta þjónustustig og það er vel, sama á að gilda um aðra umferð. |
| 34. Borgarholtsbraut, athuga hvort hægt sé að setja gúmmí hraðahindrun við hús nr. 29 og ljósaskilti. Athuga með skilti þar sem borðinn af skólabörnunum er við hús nr. 28. |
| 35. Frá leikskólanum Arnarsmára: Ósk um gangbrautir við hringtorgið á Arnarsmára/Nónhæð, gangbraut yfir Fífuhvammsveginn/Arnarsmára þar sem biðstöð strætó er og gönguleið yfir Smárahvammsveg þar sem biðstöð strætó er við Hlíðarsmára. |

2.1 Framkvæmdaráætlun 2012 - 2018

Hér fyrir neðan er forgangslisti yfir þau verkefni sem talin er mest þörf á að vinna. Verkefnin eru misflókin og fjárhagslega dýr í framkvæmd, því þurfa þau mislangan tíma í undirbúningi. Gert er ráð fyrir að stærsti hluti þessara verkefna verði unninn á næstu sex árum.

1. Aðrein frá Fífuhvammsvegi inn á Hafnarfjarðarveg, þar er oftast ekið út af eða á ljósastaura (Vegagerðin).
2. Hafnarfjarðarvegur, alvarlegir árekstrar eða útafkeyrslur norðan við og á brúnni yfir Kársnesbraut (Vegagerðin).
3. Gatnamót Nýbýlavegar, Þverbrekku og Ástúns, á þessum gatnamótum var fimm sinnum beygt í veg fyrir bíl (Vegagerðin).
4. Dalvegur, þörf á að skoða umferðarskipulag í heild sinni. Skoða hringtorg, tengingu við Reykjanesbraut, gegnum akstur við Dalveg 6- 8 og umferð inn og út frá bílastæði við Smáratorg.
5. Gatnamót Fífuhvammsvegur, Dalvegur og innkeyrslu í Smáralind. Nokkuð um óhöpp án meiðsla og tvö slys með litlum meiðslum, árekstur við gatnamót eða árekstur við vinstri beygju frá Smáralind inn á Fífuhvammsveginn. ATH að það er óljóst fyrir ökumenn sem ætla að taka vinstri beygju frá Smáralind inn á Fífuhvammsveginn að akreinarnar sem fara beint yfir gatnamótin eru tvær en ekki ein.
6. Vantar betri merkingar á göngustíginn frá Garðabæ og upp að Náttúrufræðistofu. Hjólréiðamenn fara of hratt yfir.
7. Koma leið 28 lengra inn í Þingahverfi.
8. Endurskoða biðstöð Strætó við Salaskóla.
9. Breyta Auðbrekku í einstefnuakstursgötu eða breyta hringtorgi/gatnamótum Nýbýlavegar og Skeljabrekku þannig að bílar geti farið upp Skeljabrekkuna frá hringtorgi (ræða við Vegagerðina).
10. Arnarsmári, í hraðamælingu lögreglunnar kom í ljós að 88% ökumanna á tímabilinu sem var mælt fóru yfir hámarkshraða sem er 30 km.
11. Dalsmári, í hraðamælingu lögreglunnar kom í ljós að 63% ökumanna á tímabilinu sem var mælt fóru yfir hámarkshraða sem er 30 km, árið 2010 voru það 61% ökumanna.
12. Smiðjuvegur við Fossvogsbrún, óskað hefur verið eftir frekari aðgerðum til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi t.d. með ljósum eða undirgöngum undir götuna.
13. Borgarholtsbraut, á undanförunum árum hefur verið reynt að draga úr umferðarhraða í götunni, þar eru fjórar hraðahindranir og hámarkshraði kominn í 30 km. Frá árinu 2009 hefur meðalhraði aðeins lækkað úr 47 km/klst. í 45 km/klst. en hlutfall brota úr 68% í 42%. Enn er óskað frekari aðgerða.
14. Frá leikskólanum Kópasteini: Það er ósk okkar að það verði sett upp gangbraut, blikkandi ljós eða annað sem auðveldar foreldrum og börnum að komast yfir Hábrautina. Frá Strætó, Strætó ekur hringtorgið við Salaskóla en á oft í erfiðleikum vegna þess að foreldrar sem eru að bíða eftir börnum úr skólanum eða Versölum eru fyrir og leggja upp á gangstétt.
15. Hreinsun á hjólastígum. Bæði snjó- og sandhreinsun í sama forgangi og aðalleiðir bílaumferðar.

3. Umferðaröryggi umhverfis skóla

Umhverfis- og samgöngunefnd óskaði eftir því á fundi sínum þann 11. apríl 2011 að unnið yrði að heildrænu skipulagi umferðarmála umhverfis grunnskóla Kópavogs og að sú vinna yrði unnin í samhengi við umferðaröryggisáætlun Kópavogs. Samþykkt var á fundi samráðshópsins 15. desember 2011 að fundað yrði með öllum skólaráðum grunnskóla Kópavogs. Fundað var með öllum níu skólunum í janúar 2012 og tekið á móti ábendingum. Unnið hefur verið að forgangsröðun á þeim verkefnum sem talin eru mikilvægust til að vinna að bættu umferðaröryggi í kring um þá.

3.1 Tillögur frá skólaráðum

Fundur með skólaráði Snælandsskóla 10. janúar 2012.

Á fundinum kom fram að: almennt þykir hverfið vera gott með tilliti til umferðaröryggismála þá er helst um að ræða smá agnúa sem auðvelt ætti að vera að laga. Akstur foreldra við skólann og skólarútan hefur skapað viss vandamál. Foreldrar telja sig ekki geta sent börnin ein í skólann á meðan umferðaröryggi er ekki að fullu tryggt.

Ábendingar frá skólaráði:

Athuga blindbeygju þegar komið er yfir Fossvoginn, við hjólreiðastíg í hvarfi við trjálundinn

Gangstéttin niður Víðigrundina meðfram leikskólanum er allt of mjó

Götuljósín og umferðaröryggi í kring um gatnamót Nýbýlaveg/Túnbrekku /Furugrund eru slæm. Erfitt að fara með hóp af börnum yfir.

Gott væri að unnið yrði kort af öruggum gönguleiðum barna til skóla. Kynna það fyrir foreldrum í kjölfarið og hvetja þá til að láta börnin ganga í skólann.

Frá hringtorgi inni á lóð Lundar er vegspotti að Birkigrund sem er mjög grófur og ekki hægt að hjóla hann.

Skoða möguleika á sleppisvæði við skólann

Forgangsröðun skólaráðs:

Vegrið við beygju niður Furugrund

Gangbraut/ ir yfir Víðigrund

Gangbraut yfir Furugrund við Furugrund nr. 71 og yfir götu niður að HK.

Skoða betur hraðahindrun við HK, stígurinn er góður en getur skapað falskt öryggi hjá börnunum sem gera ráð fyrir að þau hafi forgang fyrir bílunum sem aka yfir hraðahindrunina.

Athuga blindbeygju þegar komið er yfir Fossvoginn, við hjólreiðastíg í hvarfi við trjálundinn

Fundur með skólaráði Hörðuvallaskóla 12. janúar 2012.

Á fundinum kom fram að: Umferðarskipulag fyrir gangandi vegfarendur er mjög gott og sjaldan heyrast kvartanir um það. Almennt þá er of mikið ekið í skólann og svo virðist sem foreldrar, sérstaklega yngri barna, aki þau í skólann og fari jafnvel inn í skólann með þeim og teppi þannig alla umferð. Eldri börnin eru aftur á móti dugleg að ganga í skólann.

Ábendingar frá skólaráði:

Akstursleiðir að skólanum eru ekki góðar, þ.e. að of margir bílar koma á sama tíma, umferðaröngþveiti skapast og börnin sem ganga í skólann eru þess vegna í meiri hættu.

Er hægt að loka Baugakór til austurs svo fólk sé ekki að aka í gegn um hverfið. Þá væri hægt að færa starfsmannabílastæðin inn á lóðina en hafa hringtorg í enda götunnar þar sem foreldrar geta sett börnin sín út.

Sleppisvæðið sem er við skólann þarf að moka því enginn getur notað það í dag.

Vont að senda börn úr Perlukór á gangbraut við hringtorg á Vatnsendaveginu vegna þess hve hröð umferð er þar. Þyrfti að fara inn á aðra gönguleið s.s. við Klapparkór.

Ekki er enn búið að malbika gönguleiðina að Kórnum og því komast börn í hjólastól ekki þá leið.

Forgangsröðun skólaráðs:

Finna lausnir á bílamálum á svæðinu.

Fundur með skólaráði Salaskóla 16. janúar 2012.

Á fundinum kom fram að: Almennt eru gönguleiðir barna að skólanum góðar og börnin vel varin.

Ábendingar frá skólaráði:

Vantar girðingu eða eitthvað sem kemur í veg fyrir að börnin geti leikið sér í vatnsrásinni við Fífuhvamsveginn, þar er snjó rutt upp við hlið götunnar og börnin leika sér þar. Liggur oft við stórslysi þegar þau jafnvel renna sér út á götu.

Mikil umferð inni á skólalóð, margir sem aka börnin sín í skólann.

Skortur á bílastæðum og plássi til að sækja og skutla börnum á æfingar t.d. hjá Gerplu. Mikil ringulreið á hringtorginu bæði á skólatíma og seinni partinn þegar mikil aðsókn er í Gerplu, sund og Nautilus.

Hefur verið rætt að setja upp stórt skýli við veginn eða á lóðinni sem krakkarnir geta beðið í þegar foreldrar eru að sækja, þau eiga erfitt með að sjá hvort annað frá íþróttamiðstöðinni.

Mjög hröð umferð á Salaveginum

Mikið af bílum við Salaveg, Rjúpná- og Roðasali, er hægt að tengja veg beint frá blokkunum við Rjúpnasali inn á Salavegin?

Börn í hættu á golfvellinum, enda fara þau ekki endilega göngustígana heldur beint yfir völlinn.

Þyrfti að setja steina fyrir göngustíg frá skólanum upp að Lómasölum og öfugt en þarna hefur sést til bíla aka á stígnum.

Hættulegt þegar vegfarendur mætast í undirgöngum, fólk veit ekki hvoru megin það á að vera og brunar beint inn í þau.

Vantar hjólastæði við skólann

Strætó leiðir eru góðar við Salaskóla bæði leið 2 og 28 fara frá skólanum. Ekkert mál að fara niður í Fífuna, Hamraborg og upp í Kórinn en alls ekki gott þegar börnin þurfa á æfingar niður í Fagralund, þangað gengur ekki leið 28 svo börnin þurfa að ganga frá Álfróðsveginum og niður og öfugt.

Leið 28 þyrfti að ganga í báðar áttir.

Forgangsröðun skólaráðs:

Girðingu við Fífuhvamsveginn svo börnin séu ekki í hættu við götuna.

Finna lausn á bílavandanum á morgnana og svo seinni partinn.

Fundur með skólaráði Lindaskóla 19. janúar 2012.

Á fundinum kom fram að: Skólinn er vel tengdur öllum gönguleiðum. Mikið átak hefur verið unnið í því að fá börn til að ganga í skólann með mjög góðum árangri.

Ábendingar frá skólaráði:

Hraðhindranir við Skógarlind eru allt of stórar og ættu ekki að vera þar, væri gott að geta fjarlæggt allavega aðra þeirra. Skoða hvort eðlilegt geti verið að banna vinstri beygju af Skógarlind yfir á Reykjanesbraut eða á ramp að Reykjanesbrautinni Slæm lýsing við gatnamót Hvamsvegur og Hlíðardalsvegur.

Lýsingu var bætt við gatnamót Hlíðardalsvegur og Galtalindar en þar þyrfti að koma handrið sem liggur frá göngustíg frá Haukalind að gangbrautinni yfir Hlíðardalsveg, börnin eiga það til að ganga beint yfir en fara ekki yfir gangbrautina.

Þyrfti undirgöng undir Hlíðardalsveginn, þar er mikil og hröð umferð, helst þrjú undirgöng.

Hraðhindranir eru ekki nægilega stórar á Hlíðardalsveginum til að halda niðri umferðarhraða.

Fundur með skólaráði Smáraskóli 19. janúar 2012.

Á fundinum kom fram að: Gríðarlega mikil umferð er í kring um skólann, allan daginn.

Ábendingar frá skólaráði:

Mikið er um út og innakstur frá Sporthúsinu, mikil umferð og álag í kring um skólann

Spurning hvort hægt er að breyta gangbraut yfir Dalsmáran, er gangbrautarvörður það rétta?

Laga gönguleið niður í Kópavogsdalinn, hún sést illa svo bílar leggja á stíginn og snjó er rutt upp á hann.

Bílar fara mjög hratt upp Arnarsmára, þyrfti aðra gönguleið yfir svo börnin komist á göngustíginn niður að skólanum.

Biðtími á ljósum fyrir gangandi vegfarendur við Smárahvamsveg er of langur.

Hratt ekið í gegn um vistgötuna Linda- og Lautasmára. Þær áttu að vera botnlangar.

Mikið af blindhornum t.d. við Lindasmára og Lækjasmára þar sem gróður er of hár og mikill.

Bílastæði milli skólans og Sporthússins er ekki gott og bílar skemmast á steinunum, þegar þeir sjást illa þá ekur fólk á þá. Fólk keyrir líka fram af pöllunum.

Leið 28 hættir að ganga of snemma.

Leið 2 gengur ekki um helgar, krakkar sem eru í tónlist á Hlemmi þurfa þá að taka 3 vagna heim.

ATH tímatöflu íþróttafélaga, börn þurfa oft að bíða lengi í íþróttahúsum þegar þau fara í íþróttir eða til að taka strætó heim.

Skoða hvort hægt sé að koma fyrir snúningsplani á bílplanið.

Fundur með skólaráði Kópavogsskóli 20. janúar 2012.

Á fundinum kom fram að: Mikil umferð er í kring um skólann og hann innlyksa á milli stórra vegtenginga

Ábendingar frá skólaráði:

ATH biðstöð á mótis við Kópavogsskóla, börnin sjást illa á milli bíla sem er lagt þar.

Gangbrautarvörður við skólann sem hjálpar mjög mikið

Það er léleg lýsing við skólann, vantar að lýsa upp bílastæðið þar sem bæði börn og bílar eru á ferð.

Einnig er myrkur við Skólatróð, spurnin hvort hægt sé að hafa lýsingu á morgnana og slökkva svo þegar birtir

Flestir krakkarnir fara yfir Digranesveg við Grænatún, þess vegna væri æskilegt að færa gangbrautarljósinn þangað.

Forgangsröðun skólaráðs:

Auka lýsingu á skólalóð.

Laga Digranesveginn (hringtorg) og færa þá gangbrautarljósinn.

Fundur með skólaráði Álfhólsskóla 19. janúar 2012.

Á fundinum kom fram að: Umferð hefur breyst eftir sameiningu, nú er hverfið stærra sem börnin koma frá og umferð á Álfhólsvogi er mjög mikil. Búist var við að börnin myndu ganga á göngustígum við og yfir Álfaheiði en börnin virðast flest fara Álfhólsveginn. Í dag þegar það er svona mikill snjór er þar mikil hætta vegna ruðninga og plássleysis fyrir bæði bíla og gangandi.

Ábendingar frá skólaráði:

Tveir skólaliðar eru úti á morgnana við gangbrautir við bæði Hjalla og Digranes.

Áhaldahúsið mokar og sandar illa

Mjög mikill umferðarþungi á gatnamótum Álfhólsvogar og Álfaheiði.

Það vantar gangstétt austan megin á Álfhólsveginn

Það er hringakstur í Digranesi sem gengur nokkuð vel en stundum kemur fyrir að foreldrar hlaupa inn með börnunum og þá er allt stopp.

Sleppisvæðin við báða skólana eru ekki mokuð og jafnvel þó að ekki sé snjór eru þau lítið notuð vegna þess að þau eru við þrengingar og foreldrar fara frekar annað.

Spurning hvort hægt sé að breyta lóðinni þar sem eldri álmurnar voru og gera þar sleppistæði.

Einnig er slæmt ástand í Álfabrekunni þar sem bæði foreldrar Hjallabarna og foreldrar leikskólubarna koma á sama tíma.

Mesta umferðaralagið er við Digranes vegna þess að þar eru yngri börnin og þeim er frekar ekið í skólann.

Mokstri á gangstéttum er mjög ábótavant og fólk fer oft á göturnar vegna þessa

Mikið af slysum við 10/11 í Bröttubrekku

Mikið kraðak af bílum og fólk við gatnamót Álfhólsvogar og Skálaheiði

Skólalóðin er mjög dimm þegar ekki er snjór og er lóðin lýst upp með ljósum úr kennslustofum.

Skólar ættu að fá fjármagn frá Kópavogsbæ til að greiða fyrir gangbrautarvörslu

Göngustígur fyrir neðan Hjalla er illa upplýstur og svo slúttir yfir hann mikill gróður svo börn úr Engihjalla fara frekar á Álfhólsveginn.

Leið 28 er mikið notuð til að fara upp í Kór

Virðist sem notkun á strætó hafi minnkað eftir að leið 36 var hætt.

Vantar strætóskýli, sérstaklega við Hamraborgina

Leið 28 fer á 30 mín fresti en hún þyrfti að fara á 15 mín fresti, þá þurfa börnin ekki að bíða eins lengi fyrir og eftir æfingar.

Tónlistaræfingar eru til kl. 19.00 og þá eru börnin yfirleitt búin að missa af strætó sem fer eftir það á klukkutíma fresti.

Strætó mætti líka ganga til 24.00

Forgangsröðun skólaráðs:

Gera gönguleiðir eftir Álfhólsveginum þannig að þær séu öruggar fyrir börnin

Laga aðkomu að Digranesi þannig að foreldrar eigi auðveldara með að hleypa börnum út.

Þarf að tryggja öryggi barna sem fara yfir Álfaheiðina en þar er í dag mikil og hröð umferð.

Fundur með skólaráði Vatnsendaskóla 30. janúar 2012.

Á fundinum kom fram að: Almenn er hverfið vel skipulagt af gönguleiðum og börnin eiga greiða leið í skólann.

Ábendingar frá skólaráði:

Vantar lýsingu á gangbrautum, lýsingu á gatnamót Breiðahvarfs og Funahvarfs

Færa strætó biðstöð, krakkarnir ganga á möninni í stað þess að fara göngustíginn og taka svo u- beygju að biðstöðinni, þarf skarð í mön við biðstöðina svo þau fari göngustíginn.

Vantar sleppisvæði á Vatnsendaveg

Vantar girðingu á mön við Vatnsendaveg, vegna þess að krakkarnir klifra upp á mönina og eru að leika sér þar og henda snjóboltum í bíla.

Laga aðgengi rútu á skólalóð, þarf að þrengja op á girðingu svo krakkarnir fari ekki í veg fyrir rútna.

Vantar lýsingu í Funahvarf meðfram auðu leikskólalóðinni, lýsing hinu megin götunnar

Vantar lýsingu á gangbraut á Elliðahvamsvegi (við Granda- og Glæsihvarf).

Laga þarf merkingu af skólanum, skiltið sést ekki fyrr en komið er inn í Breiðahvarf.

Skýra torgin svo fólk eigi auðveldara með að rata.

Vantar spegil á gatnamót Funa- og Breiðahvarfs.

Forgangsröðun skólaráðs:

Lýsingu á gangbrautir

Fundur með skólaráði Kársnesskóla 31. janúar 2012.

Á fundinum kom fram að: Almennit þá gengur umferðin að og við skólann nokkuð vel.

Ábendingar frá skólaráði:

Snjómokstur í hverfinu hefur verið lélegur

Vantar fleiri gönguljós á Kársnesbrautina, austar og vestar

Kópavogsbraut við Sunnuhlíð, blindbeygja á horninu

Vantar gangbraut yfir Hábraut

Göngustígur á milli skólanna er illfær bæði þegar það er snjór og hálka

Gangbraut á Borgarholtsbraut við Suðurbraut er hættuleg þar sem ökumenn sem koma frá Suðurbraut horfa aðeins í vestur, ekki á gangbrautina.

Mikil umferð á Borgarholtsbrautinni og þungaflutningar

Gangbraut yfir Borgarholtsbrautina að Skólagarði er hættuleg þar sem börnin fara frekar beint yfir götuna í stað þess að beygja og ganga nokkur skref á gangbrautina.

Skoða þyrfti gangbraut yfir Urðarbraut við Sundlaugina, er hægt að færa hana nær Melgerði svo börnin geti gengið beint yfir?

Íbúar geyma bílana oft til langs tíma á bílastæðum skólans, skapa vandræði í snjómokstri

Skoða hvernig hægt er að tryggja gönguleiðir niður að Ýmishöfninni, sem skólinn er farinn að nýta sífellt meira.

Mjög mikil óánægja með að strætó fari bara aðra leiðina um Kársnes.

1.2 Framkvæmdaráætlun 2012 og 2013

Snælandsskóli

- Vegrið við beygju niður Furugrund.
- Gangbraut yfir Furugrund við Furugrund nr. 71 og yfir götu niður að HK.
- Athuga blindbeygju þegar komið er yfir Fossvoginn, við hjólreiðastíg í hvarfi við trjálundinn.

Hörðuvallaskóli

- Vont að senda börn úr Perlukór á gangbraut við hringtorg á Vatnsendaveginum vegna þess hver hröð umferð er þar. Þyrfti að fara inn á aðra gönguleið s.s. við Klapparkór.
- Ekki er enn búið að malbika gönguleiðina að Kórnum og því komast börn í hjólastól ekki þá leið.

Salaskóli

- Vantar girðingu eða eitthvað sem kemur í veg fyrir að börnin geti farið að leika sér í vatnsrásinni við Fífuhvamsveginn, þar er snjó rutt upp við hlið götunnar og börnin leika sér þar. Liggur oft við stórslysi þegar þau jafnvel renna sér út á götu.
- Börn í hættu á golfvellinum, enda fara þau ekki endilega göngustígana heldur beint yfir völlinn.
- Þyrfti að setja steina fyrir göngustíg frá skólanum upp að Lómasölum og öfugt en þarna hefur sést til bíla aka á stígnum.

Lindaskóli

- Lýsing var bætt við gatnamót Hlíðardalsvegur og Galtalindar en þar þyrfti að koma handrið sem liggur frá göngustíg frá Haukalind að gangbrautinni yfir Hlíðardalsveg, börnin eiga það til að ganga bara beint yfir en fara ekki yfir gangbrautina.

Smáraskóli

- Laga gönguleið niður í Kópavogsdalinn, hún sést illa svo bílar leggja á stíginn og snjó er rutt upp á hann.
- Bílar fara mjög hratt upp Arnarsmára, þyrfti aðra gönguleið yfir svo börnin komist á göngustíginn niður að skólanum.
- Biðtími á ljósum fyrir gangandi vegfarendur við Smárahvamsveg er of langur.

Kópavogsskóli

- ATH biðstöð á móts við Kópavogsskóla, börnin sjást illa á milli bíla sem er lagt þar.
- Það er léleg lýsing við skólann, vantar að lýsa upp bílastæðið þar sem bæði börn og bílar eru á ferð.

Álfhólsskóli

- Sleppisvæðin við báða skólana eru ekki mokuð og jafnvel þó að ekki sé snjór eru þau lítið notuð vegna þess að þau eru við þrengingar og foreldrar fara frekar annað.
- Gera gönguleiðir eftir Álfhólsveginum þannig að þær séu öruggar fyrir börnin
- Þarf að tryggja öryggi barna sem fara yfir Álfaheiðina en þar er í dag mikil og hröð umferð.

Vatnsendaskóli

- Færa strætó biðstöð, krakkarnir ganga á möninni í stað þess að fara göngustíginn og taka svo u- beygju að biðstöðinni, þarf skarð í mön við biðstöðina svo þau fari göngustíginn.
- Vantar sleppisvæði á Vatnsendaveg
- Vantar lýsingu á gangbrautum, lýsingu á gatnamót Breiðahvarfs og Funahvarfs
- Laga þarf merkingu að skólanum, skiltið sést ekki fyrr en komið er inn í Breiðahvarf.

Kársnesskóli

- Kópavogsbraut við Sunnuhlíð, blindbeygja á horninu
- Vantar gangbraut yfir Hábraut
- Göngustígur á milli skólanna er illfær bæði þegar það er snjór og hálka
- Gangbraut yfir Borgarholtsbrautina að Skólagerði er hættuleg þar sem börnin fara frekar beint yfir götuna í stað þess að beygja og ganga nokkur skref á gangbrautina.

Verkefni sem vinna á fyrir lok árs 2016

Salaskóli

- Mikil umferð inni á skólalóð, margir sem aka börnin sín í skólann.
- Hefur verið rætt að setja upp stórt skýli við veginn eða á lóðinni sem krakkarnir geta beðið í þegar foreldrar eru að sækja, þau eiga erfitt með að sjá hvort annað frá íþróttamiðstöðinni.

Smáraskóli

- Mikið af blindhornum t.d. við Lindasmára og Lækjasmára þar sem gróður er of hár og mikill.
- Hratt ekið í gegn um vistgötuna Linda- og Lautasmára. Þær áttu að vera botnlangar
- Bílastæði milli skólans og Sporthússins er ekki gott og bílar skemmast á steinunum, þegar þeir sjást illa þá ekur fólk á þá. Fólk keyrir líka fram af pöllunum.

Kópavogsskóli

- Flestir krakkarnir fara yfir Digranesveg við Grænatunga, þess vegna væri æskilegt að færa gangbrautarljósinn þangað, hægt að gera um leið og hringtorg.

Álfhólsskóli

- Laga aðkomu að Digranesi þannig að foreldrar eigi auðveldara með að hleypa börnum út.

Vatnsendaskóli

- Laga aðgengi rútu á skólalóð, þarf að þrengja op á girðingu svo krakkarnir fari ekki í veg fyrir rútna.

Kársnesskóli

- Skoða hvernig hægt er að tryggja gönguleiðir niður að Ýmishöfninni, sem skólinn er farinn að nýta sífellt meira.

4. Umferðarskipulag

Umferðarskipulag var í fyrsta sinn unnið hjá Kópavogsbæ árið 2001. Svipað eins og gert er í dag var umferðarskipulagið kynnt íbúum og skólum og óskað ábendinga frá þeim.



Með umferðarskipulagi er markvisst farið yfir umferð, flæði, öryggi og aðra þætti sem skoða þarf til að tryggja skilvirkt samgöngukerfi og öryggi fyrir alla.

Eins og í fyrra skipulagi er markvisst unnið að því að halda umferðarhraða innan hámarkshraða og bæta þannig öryggi ökumanna, gangandi og hjólandi.

Í síðasta skipulagi var lögð áhersla á 30 km hraða í húsagötum, íbúðarhverfum og umhverfis grunnskóla og íþróttasvæði sem áfram er unnið að í endurskoðuðu skipulagi. *Húsagötur eiga fyrst og fremst að veita aðgang að húsum og starfsemi við viðkomandi götu¹.*

Þó almennt sé umferðarhraði 50 km á tengibrautum hefur honum í Kópavogi verið breytt í 30 km götu þar sem þörf þykir til að bæta umferðaröryggi, má þar nefna Kóraveg, Digranesveg, Borgarholtsbraut og Dalsmára. Áfram verður unnið að bættu umferðaröryggi í 30 km götum með uppsetningu hliða og þrenginga í götum, skilta og mössun á götur. Á öðrum tengibrautum þar sem er 50 km hámarkshraði, er áhersla lögð á aðrar hraðatakmarkandi aðgerðir en lóðréttar s.s. hringtorg, sveigjur og kotta.

Tengibrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautakerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta. Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli².

Stofnbrautir eru aðalumferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. Stofnbrautir í Kópavogi eru aðeins þrjár: Reykjanesbrautin, Hafnarfjarðarvegurinn og Arnarnesvegurinn. Aðgerðir til að auka umferðaröryggi á stofnbrautum eru með allt öðrum hætti en í húsagötum og tengibrautum en þar eru götur almennt hannaðar með tilliti til þess umferðarhraða sem á þar að vera. Umferðaröryggi felst síðan í víðari vegöxlum, breidd akbrauta er meiri, vegriðum meðfram götum og fleiri aðgerðum.

Umferð þróast með árunum og áherslur breytast sem Kópavogsbær kemur til móts við með endurskoðuðu skipulagi. Helstu breytingarnar sem verða á þessu skipulagi eru þær að tekið er aukið tillit til strætisvagna. Þar sem nauðsynlegt er að koma fyrir hraðatakmarkandi aðgerðum er það gert með svokölluðum „koddum og H- hindrunum“ í stað lóðréttra hindrana. Einnig verður almennt lögð meiri áhersla á láréttar hraðatakmarkandi aðgerðir í samræmi við þar til gerða stefnu. Ekki verður þó

¹ Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga, leiðbeiningar 2010.


² Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga, leiðbeiningar 2010.

algjörlega hætt við lóðréttar hraðahindranir en á mörgum stöðum eru þær nauðsynlegar til að hægja á hraða.

Ábendingar sem bárust um breytingu á umferðarskipulagi gatna eru taldar upp í kafla 2 hér að ofan.



Á myndinni hér fyrir ofan má sjá dæmi um umferðarskipulag þar sem teiknaðar eru niður allar hraðatakmarkandi aðgerðir og skipulag umferðarhraða eftir götum.



Á myndinni hér fyrir ofan má sjá skipulag umferðarskipta sem unnið er eftir.

5. Hraðatakmarkandi aðgerðir

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar 12. september 2011 var samþykkt að unnin yrði stefna um hraðatakmarkandi aðgerðir í Kópavogi. Markmið verkefnisins var að vinna stefnu sem nefndir og starfsmenn sveitarfélagsins geta unnið eftir. Stefnumótunin var unnin samhliða umferðaröryggisáætlun. Til frekari upplýsinga er vísað í stefnu um hraðatakmarkandi aðgerðir á vefsíðu Kópavogsbæjar.

5.1 Stefna Kópavogs í hraðatakmarkandi aðgerðum

Kópavogsbær setur sér þá stefnu að auka hlut láréttra hraðahindrana í stað lóðréttra þar sem hægt er. Fyrst og fremst til að halda áfram vinnu við að bæta umferðaröryggi en taka um leið meira tillit til strætisvagna, atvinnubílstjóra og umhverfisins. Einnig er mikilvægt að skipuleggja ný íbúðahverfi með þeim hætti að 30 km hraði geti haldist innan þeirra án hraðatakmarkandi aðgerða.

Við nánari útfærslu og skipulag er vísað í umferðarskipulag Kópavogsbæjar.

Kópavogsbær setur sér þá stefnu að auka hlut láréttra hraðahindrana í stað lóðréttra þar sem hægt er. Fyrst og fremst á að halda áfram vinnu við að bæta umferðaröryggi en taka um leið meira tillit til strætisvagna, atvinnubílstjóra og umhverfisins. Einnig er mikilvægt að skipuleggja ný íbúðahverfi með þeim hætti að 30 km hraði geti haldist innan þeirra án hraðatakmarkandi aðgerða.

Við nánari útfærslu og skipulag er vísað í umferðarskipulag Kópavogsbæjar.

Íbúðarsvæði og húsagötur: Á þessum svæðum verður 30 km hraði samkvæmt umferðarskipulagi og svæðin áfram merkt eftir því. Almennt verði ekki komið fyrir hraðatakmarkandi aðgerðum á þessum svæðum nema á tengibrautum sem eru innan hverfanna og þá verði leitast við að nota láréttar hindranir.

- Ekki verði notaðar hraðatakmarkandi aðgerðir í götum sem eru styttri en 200 metrar.
- Í götum lengri en um 200 metrar verði, þar sem þörf þykir, komið fyrir láréttum hindrunum skv. umferðarskipulagi.
- Götur með 30 km hraða geta verið að hluta með lóðréttum hraðahindrunum til að ná niður umferðarhraða og tryggja öryggi vegfarenda, sérstaklega við skóla. Þá skal frekar notast við hraðahindranir sem henta strætisvögnum á leiðum þeirra. Annars skal unnið að því að nota láréttar hindranir s.s. þrengingar og sveigjur á götum.

Tengibrautir: Hraði á tengibrautum er 50 km en innan íbúðarsvæða eru gerðar ráðstafanir samkvæmt umferðarskipulagi.

- Á tengibrautum þar sem þörf þykir verði komið fyrir láréttum hraðahindrunum s.s. miðeyjum, þrengingum, sveigum, hringtorgum, myndavélum og sjónrænum hindrunum s.s. gróðri og breytingum á yfirborði fremur en lóðréttum hraðatakmarkandi aðgerðum.

Strætisvagnaleiðir: Á slíkum leiðum þarf að taka tillit til strætisvagna með hraðatakmarkandi aðgerðum sem henta þeim og eru hannaðar með þarfir vagnanna í huga.

6. Hjólreiðaáætlun

Á fundi þáverandi umferðarnefndar, 21. september 2010 var samþykkt að vinna hjólreiðaáætlun fyrir Kópavog sem sameinuð nefnd umhverfis- og samgöngumála tók síðar yfir. Hjólreiðar verða sífellt vinsælli samgöngumáti allan ársins hring. Því telur sveitarfélagið nauðsynlegt að búa hjólreiðamönnum gott og öruggt samgöngukerfi.

Við gerð áætlunarinnar var haft samráð við íbúa og aðra sem hafa áhuga á hjólreiðum. Í september 2011, í tengslum við samgönguviku, var tillaga að korti yfir hjólaleiðir í Kópavogi lagt út á vefinn og áhugasamir hvattir til að gera athugasemdir. Einnig var fundað með fulltrúum Vegagerðarinnar og fulltrúum nágrannasveitarfélaganna Garðabæ og Reykjavík um val og útfærslu leiða milli sveitarfélaganna og við stofnbrautir í Kópavogi.

Við lokadrög áætlunarinnar var óskað eftir ábendingum frá Landssamtökum hjólreiðamanna og íþróttadeild Kópavogsbæjar.

Unnin voru tvö kort af hjólaleiðum í Kópavogi, annars vegar kort sem sýnir stofn- og tengistíga og er ætlað til notkunar hjá stjórnslu bæjarins en með þeirri skiptingu fylgir ákveðin skuldbinding sveitarfélagsins um mismunandi þjónustustig á stígum. Með skilgreiningu á mismunandi þjónustustigi er reynt að greiða leið þeirra sem kjósa hjólreiðar sem samgöngumáta allan ársins hring. Hitt kortið er ætlað almennum notendum en það sýnir stígana merktá eftir því hvort hjólað er á gangstétt/ götu eða á stíg sem er ekki við umferð.



5. 1 Ábendingar frá hjólreiðamönnum

Þegar óskað var ábendinga frá hjólreiðamönnum um tillögu að hjólaleiðum í Kópavogi, bárust margar góðar ábendingar og þó nokkrar um minniháttar lagfæringar sem hægt er að vinna á skemmri tíma, hér eru nokkrar þeirra.

| |
|--|
| Hjólástæði |
| Hjólástæði við áningarstaði, Guðmundarlund, Kópavogstún, Kópavogsdalur, Fossvogsdalur |
| Hjólástæði við allar stofnanir Kópavogsbæjar |
| Niðurtektir |
| Taka niður kant við innkeyrslu frá Arnarnesvegi í Sólar sali (við Arnarnesveginn) |
| Rennu fyrir hjól við tröppur bæjarins |
| Fannborg 2 |
| Milli Hjallabrekku 2 og 4 |
| Stígatengingar |
| Arnarnesvegur, ef hann kemur ekki árið 2012 þá ætti að tengja reiðleiðina einhvern vegin við undirgöng í Garðabæ |
| Malbika reiðstíginn meðfram Fífuhvammsveginum að kirkjugarðinum og í undirgöng við Nettó |
| Merkingar |
| Aðskilja gangandi og hjólandi í undirgöngum, ath. undirgöng við Náttúrufræðistofuna |
| Merkja stíg í Fossvogsdal sem fer að göngubrú yfir Reykjanesbraut |
| Merkja vel hjólaleið frá Hamraborg við Skeljabrekku að undirgöngum undir Digranesveg- ekki augljós leið |
| |

| |
|---|
| Minniháttar lagfæringar |
| Blindhorn á stíg við Kársnesbraut, undir Hafnarfjarðarveginum (spegill og miðlína) |
| Vantar stykki í göngustíg við Tjörnina í Kópavogsdal |
| Klippa öll tré við stíga |
| Klippa tré við Álfhólsveg 23 niður á Hamrabrekku, gera pláss fyrir hjóla og vagnarennu. |
| Vantar að klára gangstétt við Dimmuhvarf. |
| Laga 180 gráðu beygju við undirgöng Dalveg- Nýbýlaveg. |
| Undirgöng frá Álfabrekku undir Nýbýlaveg- gera aðgengilegri, setja hjólarennu. |
| Skoða blindbeygjur við Fossvogsbrún . |
| Snjómokstur og söndun |
| Fara yfir forgangsléiðir í snjómokstri og söndun. |

5. 2 Forgangsroðun

Hér að neðan er forgangsroðun framkvæmda við þær hjólaleiðir sem teljast mikilvægastar til að tryggja góðar og öruggar samgöngur hjólandi vegfarenda.

Verkefnunum er raðað eftir upplýsingum sem fengust úr könnun sem unnin var sumarið 2011 og athugasemdum hjólreiðamanna við tillögu að hjólaleiðum sem lögð var fram í september 2011.

| | |
|-----|---|
| 1. | Hjólaleið meðfram Hafnarfjarðarveginum (frá Reykjavík til Garðabæjar). |
| 2. | Kársnesstígur, Bakkabraut : Tengja Kársnesstígana saman á Bakkabrautinni, skoða hvort hægt sé að breikka stíga. |
| 3. | Stígur yfir Smiðjuveg við Fossvogsbrún (bætt umferðaröryggi: gangbrautarljós eða koddar (fyrir Strætó) yfir götuna, ganga frá tengingu við Fossvogsbrún og niður í dal. |
| 4. | Stígur við Fífuna, laga tengingu stígs frá Fífuhvammsvegi meðfram Fífuni að Hafnarfjarðarvegi. |
| 5. | Reykjanesbraut/Glaðheimar, athuga hvort hægt sé að tengjast Garðabæ tímabundið eða þar til Arnarnesvegurinn verður gerður. Tengja saman við Lindahverfið. |
| 6. | Fossvogsdalur vestanverður, skoða tengingar frá Hafnarfjarðarvegi inn í dalinn í gegn um Lund. |
| 7. | Laga tengingar á milli stíga frá Bakkabraut að Borgarholtsbraut. |
| 8. | Reykjanesbrautin (gera hjólastíg meðfram Reykjanesbrautinni (neðan Lindahverfis) og tengjast Reykjavík á nýjum stíg sem fer í Mjóddina. |
| 9. | Borgarholtsbraut, skoða hvort hægt sé að breyta skipulagi götunnar, hægja á umferðarhraða og bæta þannig umferðaröryggi. |
| 10. | Kópavogsdalur, bæta stíga í gegn um dalinn, sennilega í flestum tilvikum með breikkun stíga vegna plássleysis. |
| 11. | Selhryggur, ganga frá syðsta hluta stígsins og malbika. |
| 12. | Digranesvegur/Brattabrekka að Álfhólsvegi, skipuleggja fyrirkomulag hjólaleiða frá gatnamótum Dalvegur og upp að Álfhólsvegi. |
| 13. | Vatnsendahvarf, tryggja öruggar hjólaleiðir meðfram Vatnsendavegi og Vatnsendahvarfi. |
| 14. | Arnarnesvegurinn (fyrir ofan Nónhæð) gera hjólaleið meðfram veginum (Vegagerðin). |

7. Viðauki 1

7.1 Hraðatakmarkandi aðgerðir á leiðum Strætó bs.

Í janúar 2011 kom út skýrsla umbótahóps vagnstjóra Strætó bs. Í skýrslunni fara þeir yfir ýmis atriði varðandi bæði hraðahindranir og biðstöðvar sem vagnstjórnarnir telja þörf á að laga. Óskað var eftir umfjöllun í umhverfis- og samgöngunefnd og að nefndin myndi vísa skýrslunni áfram til úrvinnslu innan Kópavogs. Í þessari stefnumótun verður farið yfir þær athugasemdir sem umbótahópurinn gerði við hraðhindranir í Kópavogi og breytingum forgangsraðað:

Óskað var lagfæringa við þessa staði og listanum forgangsraðað af starfsmönnum Strætó bs. eftir mikilvægi.

1. **Vogatunga.** Erfið yfirferðar fyrir langa strætisvagna. Óskað er eftir lagfæringu við hraðahindrunina; holufyllingu og meiri fláa beggja vegna svo aðkoman verði auðveldari fyrir vagnana, vagnstjórana og farþegana.
2. **Hraðahindrun við Hlíðarhjalla 57- 61.** Hraðahindrun er frekar illa farin – skökk og þarfnast lagfæringar. (holufylling).
3. **Hringtorg við Versali.** Þrátt fyrir mörg skilti er bílum iðulega lagt í hringtorginu og hamla þar með aðgengi strætisvagna. Óskað er eftir að biðstöðin verði færð niður á Fífuhvammsveg, þar sem er nú þegar biðstöð í aðra áttina. Unnið er að gerð undirganga nálægt Arnarnesvegi. Þegar þau verða tilbúin mætti færa biðstöðina þangað úr hringtorginu. Á meðan beðið er eftir að framkvæmdum ljúki við Arnarnesveg er óskað eftir að sambærileg skilti og sjást hér á myndinni, verði sett báðum megin við innkeyrslu í hringtorgið. Sambærileg nema hvað nafni Strætó verði bætt við sem leyfilegum akstursaðila.
4. **Hraðahindrun við Hlíðarveg 26.** Erfið yfirferðar fyrir langa strætisvagna, mjög há og löng. Óskað er eftir lækkun á hindruninni og meiri fláa beggja vegna svo aðkoman verði auðveldari fyrir vagnana, vagnstjórana og farþegana.
5. **Hraðahindrun við Hlíðarveg 11.** Erfið yfirferðar fyrir langa strætisvagna. Óskað er eftir meiri fláa beggja vegna svo aðkoman verði auðveldari fyrir vagnana, vagnstjórana og farþegana.
6. **Hraðahindrun við Hvammsveg,** nálægt gatnamótum við Hveralind. Hraðahindrun er heldur há svo vagnarnir taka oft niðri á henni. Óskað er eftir meiri fláa beggja vegna.